

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Við alþingiskosningar 8. apríl 1995 buðu eftirtalin stjórnmalasamtök fram lista og voru listarnir merktir sem hér segir:

- A-listi: Alþýðuflokkur - Jafnaðarmannaflokkur Íslands.
- B-listi: Framsóknarflokkur.
- D-listi: Sjálfstæðisflokkur.
- G-listi: Alþýðubandalag og óháðir.
- J-listi: Þjóðvaki, hreyfing fólksins.
- K-listi: Kristileg stjórnmalahreyfing.
- M-listi: Vestfjarðalistinn, samtök stuðningsmanna Péturs Bjarnasonar.
- N-listi: Náttúrugaflokkur Íslands.
- S-listi: Suðurlandslistinn, listi utan flokka á Suðurlandi.
- V-listi: Samtök um kvennalista.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Snægil á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Snægil á Akureyri þann 19. janúar 1999. Deiliskipulagssvæðið nær yfir lóðirnar Snægil 19-23. Breytingin felst í því að í stað 18 íbúða húss á þremur hæðum verða byggð þrjú tveggja hæða hús með samtals 12 íbúðum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 2. mars 1999.

F. h. Akureyrarbæjar,
Árni Ólafsson skipulagsstjóri.